# Leiðbeiningar um hvernig á að tengjast inn á rafrænan ársfund Stapa 2021

**Ársfundur Stapa 2021 verður haldinn í gegnum fjarfund (Cisco Webex) í samstarfi við Advania.**
**Hlekkur inn á fundinn verður sendur í tölvupósti / rafrænu fundarboði.**

## Hvað þarf ég að hafa?

- Til að geta tengst fundinum þarftu að hafa **nettengda borðtölvu, fartölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma.**
- **Ef þú ert með borðtölvu eða fartölvu** þá þarf hún að vera með innbyggðan hljóðnema og hátalara eða tengingu fyrir heyrnartól.
- **Ef þú ert með borðtölvu eða fartölvu** þá verður þú að hafa Google Chrome vafra uppsettan.
- **Ef þú ert með spjaldtölvu eða snjallsíma** getur þú tengst með því að hlaða niður sérstöku appi.
- **Lykilorð** á fundinn fylgir fundarboðinu og á ekki að þurfa að setja inn nema í undantekningartilfellum og má þá finna lykilorðið í tölvupóstinum. Mælumst við til að þú smellir á „**join**“ hlekkinn til þess að tengjast.
- Við mælumst til þess að fólk hlaði niður **Webex viðbótinni** eins og kennt er í þessum leiðbeiningum en **ekki** nota „join via browser“. Einnig er mikilvægt að nota **app** í snjallsímum eða spjaldtölvum en ekki vafra.
- Gott er að tengjast prufufundi áður til þess að sækja viðbótina. Þannig tengist þú beint þegar þú tengist fundinum https://www.webex.com/test-meeting.html forritið mun muna nafn og netfang fyrir næsta fund.




- Við mælumst til þess að fólk skrái **fullt nafn** þegar það skráir sig inn á fundinn. Dæmi: ***Fornafn Eftirnafn***

# Tengjast gegnum borðtölvu eða fartölvu

1. Gakktu úr skugga um að **hljóðið** í tölvunni virki  og sé <u>ekki</u> stillt á *mute*.

2. Gakktu úr skugga um að **Google Chrome vafrinn sé uppsettur** í tölvunni. Ef svo er ekki, geturðu hlaðið honum niður með því að smella hér.

3. Smelltu á **fundarhlekkinn** Þá birtist eftirfarandi skjámynd (**þ.e.a.s. ef þú hefur ekki áður hlaðið niður Webex-viðbótinni**):




4. Smelltu á ***Webex.exe*** Þá birtist eftirfarandi skjámynd og settu inn forritið.
5. Veldu svo **Open Cisco Webex Meeting**




6. Þá opnast það og eftirfarandi skjámynd
   Uppi í vinstra horni er nafnið sem birtist á fundinum. Hægt er að breyta því hér.







7. Smelltu á Test speaker and microphone til þess **Stilla og prófa hljóð.** Prófaðu hátalarann með því að smella á ***Test.*** Talaðu upphátt og þá á stikan undir orðinu ***Microphone*** að hreyfast. Remove background noise eyðir umhverfishljóðum ef það á við.
8. Smelltu á ***Join Meeting*** og þá tengir kerfið þig inn á fundinn .



## Tengjast gegnum spjaldtölvu eða snjallsíma (með appi)

1. **Ef þú hefur ekki áður hlaðið niður appinu** skaltu smella á annan af eftirfarandi hlekkjum til að ná í það (Apple / Android). Þú þarft að hlaða appinu niður í spjaldtölvuna eða símann þinn. Ath. þú þarft að hafa iOS 10 / Android 6.0 eða nýrri útgáfur.

2. Smelltu á ***Join***. Þá tengist forritið fundinum sjálfkrafa.
3. Ef þú ert beðin/n um lykilorð til að tengjast inn á fundinn þá finnur þú það í rafræna fundarboðinu.

## Samskipti við fundarstjóra og starfsmenn fundarins

Á meðan fundinum stendur getur þú haft samskipti við fundarstjóra og starfsmenn fundarins gegnum ***Chat***. Smelltu á eftirfarandi tákn í neðra hægra horni:




Notaðu ***Chat*** til að bera fram **spurningar eða ábendingar** og einnig til að biðja um orðið.




Fundarstjóri mun þá í útsendingu gefa þér orðið með nafni og skaltu þá smella á **Unmute**




Og svo aftur **Mute** þegar þú hefur lokið máli þínu.




Mikilvægt er að vera á Mute á meðan þú ert ekki með orðið.

Ef þú vilt hætta við spurningu skaltu taka það fram í spjallinu áður en þér er gefið orðið.

## Mynd

Á meðan á fundinum stendur getur þú valið hvernig fundurinn birtist með því að velja þessi tákn (Layout) uppi í hægra horni

